

Hafnarfjarðarbær  
b/t Sigurðar Haraldssonar sviðsstjóra  
Norðurhellu 2  
221 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2.1.2017
Málsnr.:	1701018
Bréfal:	652.2

Reykjavík, 29. desember 2016  
2015-07-79 / 11.2

### **Efni: Umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna Sandskeiðslínu 1.**

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, óskar með bréfi þessu eftir að fá útgefíð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar fyrir Sandskeiðslínu 1, 220/400 kV háspennulínu.

#### **1. Umsókn um framkvæmdaleyfi**

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslag, nr. 123/2010, sbr. og 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, fyrir framkvæmdinni Sandskeiðslína 1, 220/400 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og er álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2009, fyrirliggjandi. Er framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag Hafnafjarðar 2013-2025.

Meðfylgjandi eru í tveimur eintökum gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar, sbr. sérstaklega 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, desember 2016, sem er aðalþáttur gagnanna, er tekin saman af verkfræðistofunni EFLU f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni og er greinargerðin hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

#### **2. Um framkvæmdaraðila, framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar**

Samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, hefur fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Landsnet hf. ber ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi, sbr. sérstaklega 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirkni og skal það byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. laganna.

Arið 2005 hóf Landsnet hf. undirbúning að verkefninu Suðvesturlínur. Verkefnið tekur til meginflutningskerfis raforku frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og áfram út á Reykjanes. Framkvæmdin varðar 12 sveitarfélög og stóran hluta íbúa landsins. Markmið framkvæmdarinnar er að byggja upp raforkuflutningskerfið á Suðvesturlandi til framtíðar, svo það geti mætt áformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt til atvinnustarfsemi og almannanota.

Skipulagsstofnun féllst á tillögu Landsnets hf. í mars 2009. Endanleg matsskýrsla var send Skipulagsstofnun, hinn 10. ágúst 2009. Stofnunin féllst svo á mat Landsnets hf. á umhverfisáhrifum með útgáfu álits, sem gefið var út 17. september 2009, með skilyrðum.



Í Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024 er gert ráð fyrir Sandsskeiðslínu 1 í framkvæmdaætlun 2016-2018, sbr. 2. mgr. 9. gr. og 9. gr. a-d, í raforkulögum, nr. 65/2003. Hefur kerfisáætlunin verið metin í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024 var samþykkt af hálfu Orkustofnunar hinn 25. apríl 2016.

Fyrirhuguð háspennulína, sem til stendur að reisa milli tengivirkja við Sandskeið og í Hafnarfirði, hefur verið nefnd Sandskeiðslína 1. Nauðsynlegt er að ráðast í þessa framkvæmd og reisa nýja 220 kV háspennulínu er annað geti orkuflutningi til Hafnarfjarðar í stað Hamraneslína 1 og 2, sem tekna verða úr notkun og rifnar eftir að Sandskeiðslína 1 hefur verið tekin í notkun.

### **3. Um aðra leyfisveitendur og samninga við rétthafa**

Á línuleiðinni innan staðarmarka Hafnarfjarðarbæjar er farið einvörðungu um land sveitarfélagsins og land Skógræktar ríkisins, en samkomulag þar að lútandi liggur fyrir. Vegna þess að líttill hluti línuleiðar liggur um þjóðlendu innan staðarmarka Garðabæjar er einnig leitað eftir leyfi Hafnarfjarðarbæjar, sem stjórnsýsluhafa, um leyfi á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998. Landsnet hf. hefur sent Hafnarfjarðarbæ sérstök erindi sem landeiganda og stjórnsýsluhafa innan þjóðlendu, dags. 24. október og 14. desember 2016.

### **4. Niðurlag**

Landsneti hf. er nauðsynlegt að hefja framkvæmdina sem fyrst. Er því óskað eftir því að framkvæmdaleyfi verði veitt við fyrsta tækifæri.

Vísað er til meðfylgjandi greinargerðar og gagna sem henni fylgja. Þá er unnið að samantekt með nánari upplýsingum um forsendur framkvæmdarinnar sem send verður sérstaklega. Ef óskað er frekari upplýsinga eða aðstoðar þá vinsamlegast hafið samband við Þórarinn Bjarnason verkefnistjóra í s. 563-9359 eða thorarinn@landsnet.is.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets hf.

Guðmundur Ingi Ásmundsson  
forstjóri